

ERINDISBRÉF

Skóla-, íþrótt- og tómstundanefndar Hornafjarðar

Stjórnskipuleg staða

Skóla-, íþrótt- og tómstundanefnd Hornafjarðar starfar á fræðslu- og félagssviði og heyrir beint undir Bæjarstjórn Hornafjarðar. Starfsmaður nefndarinnar er framkvæmdastjóri fræðslu- og félagssviðs.

Skipan, seturéttur á fundum og áheyrnaraðild

Í skóla-, íþrótt- og tómstundanefnd eiga sæti fimm fulltrúar kosnir af bæjarstjórn að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum *sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, laga um leikskóla nr. 90/2008, laga um grunnskóla nr.91/2008, laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr.75/1985 og æskulýðslaga nr. 70/2007*. Bæjarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann og hverjum aðalmanni er jafnframt kosinn varamaður. Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar haft samstarf um kosningu skóla-, íþrótt- og tómstundanefndar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans, nema öðruvísi hafi verið ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörtímabil skóla-, íþrótt- og tómstundanefndar er hið sama og bæjarstjórnar. Auk kjörinna fulltrúa eiga bæjarstjóri og framkvæmdastjóri fræðslu- og félagssviðs rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti. Sama rétt eiga fulltrúar eftirtalinna hópa: Einn fulltrúi skólastjóra við grunnskóla sveitarfélagsins, einn fulltrúi skólastjóra við leikskóla sveitarfélagsins, skólastjóri Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu, einn fulltrúi kennara við grunnskóla sveitarfélagsins, einn fulltrúi starfsmanna við leikskóla sveitarfélagsins, einn fulltrúi foreldra barna í grunnskólum, einn fulltrúi foreldra barna í leikskólum. Þá er heimilt að kalla til á fundi skóla-, íþrótt- og tómstundanefndar sérhvern þann er tengist málum sem fjallað er um hverju sinni. Starfsmönnum stofnana bæjarins er skylt að sitja fundi skóla-, íþrótt- og tómstundanefndar sé þess óskað.

Hlutverk og verksvið

Meginhlutverk skóla-, íþrótt- og tómstundanefndar er að móta stefnu í skóla-, íþrótt- og tómstundamálum sveitarfélagsins og sjá um að öll börn í sveitarfélaginu njóti lögboðinnar fræðslu. Meðal verkefna nefndarinnar er:

- ◆ að vera bæjarstjórn til ráðgjafar og veita umsögn í skólamálum,
- ◆ að fylgjast með framkvæmd laga um grunnskóla, leikskóla, tónlistarskóla og æskulýðslaga sem og annarra laga og reglugerða er snerta starfssvið nefndarinnar,
- ◆ að gera tillögur að fjárhagsáætlun til bæjarstjórnar um útgjaldaliði skólamála,
- ◆ að fara með málefni grunnskóla, leikskóla, tónskóla og íþrótt- og tómstundamála eftir því sem lög og reglugerðir ákveða,
- ◆ að fjalla um og undirbúa gerð skólamannvirkja og nýtingu þeirra í samvinnu við umhverfis- og skipulagsnefnd,
- ◆ að fylgjast með og stuðla að því að skólarnir eigi aðgang að sérfræðiþjónustu,
- ◆ að veita bæjarstjóra umsögn um ráðningu skólastjóra,
- ◆ að gera tillögur til bæjarstjórnar um reglugerðir og gjaldskrár fyrir þær stofnanir sem ráðið hefur umsjón með
- ◆ að úthluta styrkjum til æskulýðs- og íþróttamála í umboði bæjarstjórnar
- ◆ að hafa umsjón með uppbyggingu, rekstri og viðhaldi á íþróttamannvirkjum og félagsaðstöðu í eigu bæjarfélagsins svo og öðrum skyldum rekstri eftir nánari ákvörðun bæjarstjórnar
- ◆ að vinna að eflingu félagsstarfs meðal Hornfirðinga og hafa um það samvinnu við aðra aðila sem að þeim málum koma. Leggja skal áherslu á gott samstarf við félag eldri borgara og nemendafélag FAS.
- ◆ að hafa yfirumsjón með félagsmiðstöð unglinga

- ◆ að vinna og gefa út starfsáætlun á vorin fyrir íþróttá- og æskulýðsstarf á Hornafirði í samráði við aðra aðila sem slíku starfi sinna
- ◆ að fjalla um önnur þau mál sem bæjarstjórn felur nefndinni.

Starfshættir

Um starfshætti undirnefnda Bæjarstjórnar Hornafjarðar er fjallað í IV. kafla í *samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar* og skal ákvæðum kaflans fylgt eftir því sem við á.

Skóla-, íþróttá- og tómstundaneftnd kemur saman á fastákveðnum fundartíma einu sinni í mánuði. Skal gerð samþykkt um þennan fundartíma á fyrsta fundi að fenginni tillögu bæjarstjóra. Boðað skal til aukafunda að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir nefndarmanna óska þess. Heimilt er að fella niður fundi að sumarlagi og á öðrum tímum að mati formanns. Nefndin getur auglýst einstaka fundi sína opna en verður annars að samþykkja viðveru hvers þess sem ekki á seturétt á fundinum.

Þá getur nefndin staðið fyrir kynningarfundum vegna starfa sinna eða þeirra verkefna sem til umfjöllunar eru og skulu slíkir fundir öllum opnir.

Nefndarformaður stýrir fundum nefndarinnar.

Framkvæmdastjóri fræðslu- og félagssviðs sér um að taka á móti erindum og málum sem leggja á fyrir nefndina. Hann útbýr í samráði við formann skriflegt eða rafrænt fundarboð þar sem tilgreindur er fundarstaður og fundartími og dagskrá í tölusettum liðum. Fundarboð skal sent öllum aðalmönnum (varamönnum í forföllum aðalmanna) og öðrum sem seturétt eiga á fundum skóla-, íþróttá- og tómstundaneftndar. Boðun funda skal fara fram með tryggilegum hætti svo öruggt sé að fundarboð hafi borist öllum í síðasta lagi sólarhring fyrir fund. Fundargerð seinasta fundar skal send með fundarboði.

Starfsmaður færir fundargerð hvers fundar og er ábyrgur fyrir að hún sé lesin upp í lok fundar og staðfest af viðstöddum fundarmönnum. Fundargerð skal greina númer fundar, skv. talningu ákveðinni af bæjarstjórn, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Skrá skal mál sem tekin eru fyrir og þess sérstaklega getið ef mál er tekið fyrir utan dagskrár fundarins. Lýsa skal erindum með meginefni þeirra, aðilum og dagsetningum bréfa.

Skóla-, íþróttá- og tómstundaneftnd afgreiðir mál með samþykktum, ályktunum og ákvörðunum. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst.

Fundargerð má hvort heldur sem er færa í gerðarbók eða beint í tölvu, en sérstaklega skal gætt ákvæða *samþykktar um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar*. Í lok fundar skal fundarritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana í gerðarbók og á útprentun tölvufærðrar fundargerðar ef því er til að skipta. Framkvæmdastjóri fjármála- og framkvæmdasviðs sér um að undirrituð fundargerð sé tekin á dagskrá næsta fundar Bæjarráðs Hornafjarðar.

Ályktanir til bæjarstjórnar og bæjarráðs skulu ætíð sendar bæjarstjóra í sérstöku erindi sem starfsmaður nefndarinnar útbýr.

Skóla-, íþróttá- og tómstundaneftndarmenn skulu fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín samkvæmt nánari ákvörðun bæjarstjórnar.

Eftirfylgni

Skóla-, íþróttá- og tómstundaneftnd og framkvæmdastjóri fræðslu- og félagssviðs hafa með höndum framkvæmd þeirrar stefnu sem mótuð hefur verið á hverjum tíma varðandi fræðslumál sveitarfélagsins og æskulýðs- og íþróttamál. Formaður og aðrir fulltrúar í skóla-, íþróttá- og tómstundaneftnd skulu snúa sér til bæjarstjóra til að fylgja eftir þeim ákvörðunum og samþykktum sem ekki eru alfarið á verksviði skóla-, íþróttá- og tómstundaneftndar að framfylgja.

Réttindi og skyldur skóla-, íþróttá- og tómstundaneftndarmanna

Um réttindi og skyldur skóla-, íþróttá- og tómstundaneftndarmanna gilda ákvæði *sveitarstjórnarlaga* og *samþykktar um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar* eftir atvikum.

Skóla-, íþróttá- og tómstundaneftndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Nú forfallast aðalmaður um stundarsakir og skal hann þá boða tilnefndan varamann sinn og láta formann eða framkvæmdastjóra fræðslu- og félagssviðs vita um forföllin með góðum fyrirvara. Flytjist aðalmaður burt úr sveitarfélaginu, falli hann frá eða forfallist varanlega á annan hátt, tekur tilnefndur varamaður sæti hans þar til aðalmaður er kosinn að nýju og eftir atvikum annar varamaður.

Hver nefndarmaður á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skili hann efni þess til starfsmanns nefndarinnar a.m.k. fimm sólarhringum fyrir fund. Nefndarmenn skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni og lögum í atkvæðagreiðslu um málefni á vettvangi skóla-, íþrótt- og tómstundanevndar. Þá skulu þeir virða í hvívetna *samþykkt um stjórn og fundarskóp Sveitarfélagsins Hornafjarðar*.

Nefndarmenn, starfsmaður nefndarinnar og aðrir sem fundi skóla-, íþrótt- og tómstundanevndar sitja eru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um á fundum eða í öðru starfi sínu fyrir skóla-, íþrótt- og tómstundanevnd og ætla má að leynt eigi að fara samkvæmt eðli máls, lögum eða samþykkt 2/3 nefndarmanna, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni.

Nefndarmaður skal víkja af fundi við umræður og atkvæðagreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi. Nefndarmanni er skylt að vekja athygli á því ef hæfi hans til meðferðar máls orkar tvímælis.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal skóla-, íþrótt- og tómstundanevnd taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem snerta starfssvið hennar, sérstaklega þó *lögum um leikskóla nr. 90/2008 m.s.b.*, *lögum um grunnskóla nr. 91/2008 m.s.b.*, *æskulýðslögum nr. 70/2007* og *lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr.75/1985*. Þá skal nefndin fylgja *samþykkt um stjórn og fundarskóp Sveitarfélagsins Hornafjarðar* eins og hún er hverju sinni.